

29. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 7.5. 2024, kl. 9:00

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Mætt undir lið 1. Helga Eyjólfsdóttir verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar við Hengifoss.

Dagskrá:

1. Hengifoss
2. Fjárhagsstaða fyrsta ársfjórðungs
3. Deiliskipulag Hamborgar
4. Umhverfisstyrkir
5. Skyldur sveitafélaga við smölun ágangsfjár
6. Búsetuminjaverkefnið
7. Stuttmyndaverkefnið-Aðeins kona
8. Þjónustusamningur við Fljótsdalsgrund
9. Fundargerðir:
 - a. Skipulags-og byggingarnefndar 3.5.2024
 - b. Verkfundar 13 Hengifoss 17.4.2024
 - c. Almannafræðingarnefndar 22.4.2024
 - d. Heilbrigðisnefndar austurlands 11.4.2024
 - e. Samtaka orkusveitarfélaga 21.3.2024 og 8.4.2024
 - f. Fundargerðir SSA og Austurbrúar 16.4.2024
 - g. Sambands íslenskra sveitarfélaga 19.4.2024
 - h. Ferðaklasi upphéraðs 18.4.2024
10. Skýrsla sveitarstjóra
11. Önnur mál

1. Hengifoss

Helga var með kynningu varðandi lóðina við þjónustumiðstöðina. Húsið verður tekið í notkun í lok maí. Helga vék af fundi kl. 9:50. Fyrir lá tilboð frá byggingarstjóra frá Malbikun Norðurlands uppá kr. 29.600.000, að malbika allt planið. Hækkun um kr. 10.000.000 frá fjárhagsáætlun vegna 2024 samþykkt. Ákveðið var að leggja á allt planið þar sem viðhald er

komið á klæðninguna sem fyrir er. Stefnt að vígslu hússins sunnudaginn 30. Júní enda ljóst að öllum framkvæmdum við hús og lóð verði lokið. Sveitarstjóra er falið í samráði við Helgu að skipuleggja vígslu hússins.

2. Fjárhagsstaða fyrsta ársfjórðungs

Kynnt.

3. Deiliskipulag Hamborgar

Vinnan við deiliskipulagið gengur vel og verður lokið fyrir haustið. Framkvæmdir gætu hafist í kjölfarið.

4. Umhverfisstyrkir

Alls bárust inn 26 umsóknir um umhverfisstyrk sem liggja fyrir á fundinum ásamt gögnum sem með fylgdu. 25 umsóknir voru metnar styrkhæfar samkvæmt reglum um Umhverfisstyrk Fljótsdalshrepps. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 15.000.000 kr. í umhverfisstyrki. Heildarfjárhæð umsókna var töluvert yfir þeirri fjárhæð. Sveitarstjórn samþykkti að veita 25 umhverfisstyrki vegna ársins 2024, hver að hámarki fjárhæð 600.000 kr., svo sem nánar greinir í yfirliti sem liggur fyrir á fundinum. Ein umsókn þarf nánari skoðun.

5. Skyldur sveitafélaga við smölun ágangsfjár

Málið rætt.

6. Búsetuminjaverkefnið

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 1.500.000

7. Stuttmyndaverkefnið-Aðeins kona

„Aðeins kona“ fjallar um unga konu í upphafi tuttugustu aldar í Fljótsdal, sem þráir að sanna gildi sitt í karlægu samfélagi sínu. Að verkefninu stendur Soffía Mjöll Sæmundsdóttir. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000

8. Þjónustusamningur við Fljótsdalsgrund

Kynntur var samningur við Fljótsdalsgrund um afnot af Végarði og tjaldsvæðinu, sem sveitarstjóri og lögfræðingur sveitarfélagsins hafa unnið að. Kjartan kynnti hugmyndir Fljótsdalsgrundar sem meðal annars ganga út á að auka nýtingu á húsinu. Kjartan vék af fundi kl: 11:55. Samningur samþykktur með þremur atkvæðum en verður endurskoðaður í árslok. Anna Jóna er á mótí, hún vill sjá gjaldtöku fyrir afnot af húsinu. Samkvæmt samningnum tekur Fljótsdalsgrund að sér að sjá um 4 viðburði á ári á eigin kostnað og er það hugsað sem endurgjald fyrir afnot af húsinu en fyrir afnot af tjaldsvæðinu verður greitt hlutfall af innkomu. Kjartan kom til fundar kl: 12:17.

9. Fundargerðir:

a. Skipulags-og byggingarnefndar 3.5.2024

Brekkurgerðishús – skemmubygging, samþykkt.

Víðivallargerði, aðflutt hús, samþykkt.

Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku í Bessastaðaá í landi Eyrarlands, samþykkt.

Deiliskipulag fyrir íbúðabyggð í landi Hamborgar, sett í tilskilið kynningar og athugasemdarferli.

Breyting á aðalskipulagi Fljótisdalshrepps 2014-2030, samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að setja skipulagið í tilskilið ferli hjá Skipulagsstofnun.

Afmörkun lóðar undir bogaskemmu við Skriðuklaustur(Gunnarsstofnun) samþykkt.

Grenndarkynning vegna veðurmastra er lokið. Þar með eru skilyrði uppfyllt til útgáfu framkvæmdarleyfis sem sveitarstjórn samþykkir.

Að öðru leyti telst fundargerðin kynnt.

b. Verkfundar 13 Hengifoss 17.4.2024

Kynnt

c. Almannafræðingurinn 22.4.2024

Kynnt

d. Heilbrigðisnefndar austurlands 11.4.2024

Kynnt

e. Samtaka orkusveitarfélaga 21.3.2024 og 8.4.2024

Kynnt

f. Fundargerðir SSA og Austurbrúar 16.4.2024

Kynnt

g. Sambands íslenskra sveitarfélaga 19.4.2024

Kynnt

h. Ferðaklasi upphéraðs 18.4.2024

Kynnt

10. Skýrsla sveitarstjóra

Dagana 2-3 maí sl. var haldið árlegt mót bæja-og sveitastjóra. Þar var málþing á Hallormsstað og farið í kynnisferð um Fljótisdalinn og heimsóttar Skógarafurðir, Snæfellsstofa og Gunnarsstofnun. Lárus Heiðarsson oddviti var leiðsögumaður ferðar og var þátta ka góð með um 50 gestum.

Farið yfir helstu mál.

11. Önnur mál

Samþykkt að setja klæðningu á 1 km frá gatnamótum við Fljótsdalsstöð og inn Norðurdal.

Kjörskrá lögð fram til kynningar.

Ályktun um skýrslu starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra dags. 24. janúar 2024 um skattlagningu orkuvinnslu.

- Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps telur að starfshópur sá sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði í júní 2023 til að fjalla um skattlagningu orkuvinnslu hafi unnið þarft og gott verk. Í skýrslu starfshópsins eru dregin saman helstu efnisatriði og álitæfni og leiðir til breytinga og úrbóta án þess þó að þær leiðir séu þar nákvæmlega útfærðar.
- Sveitarstjórn fagnar því að skattlagning orkuvinnslu hafi loks að nýju komist á dagskrá stjórnvalda. Slík skattlagning kom talsvert til umfjöllunar á sínum tíma í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar án þess að það leiddi þá til annarra breytinga en að undanþágur orkufyrirtækja til greiðslu tekjuskatts í ríkissjóð voru felldar niður. Þrátt fyrir að samsvarandi sjónarmið og leiddu til þeirrar niðurfellingar, hefðu með réttu átt leiða til sömu niðurstöðu um undanþágur til greiðslu fasteignaskatta til sveitarfélaga af orkumannvirkjum standa þær undanþágur enn óhaggaðar nú um tuttugu árum síðar.
- Það er því ánægjulegt að starfshópurinn leggur til að undanþágur í lögum til álagningar fasteignaskatts af orkumannvirkjum til rafmagnsframleiðslu verði strax afnumdar.
- Sveitarstjórn fær ekki séð að nein gild rök standi til annars en að fyrirtæki á sviði orkuvinnslu greiði samsvarandi fasteignaskatt og önnur atvinnufyrirtæki hér á landi og því eðlilegt að skatthlutfall af fasteignamati orkumannvirkja verði samsvarandi og á öðrum mannvirkjum sem nýtt eru til atvinnurekstrar.
- Tekið er undir sjónarmið í skýrslu starfshópsins um að sanngjarnt sé að nærsamfélög (sveitarfélög) njóti ávinnings þeirrar orkuvinnslu sem á sér stað í grennd við íbúa og að tryggja þurfi réttláta skiptingu hans milli þeirra nærsamfélaga sem verða fyrir áhrifum af orkuvinnslu. Í því sambandi er raunar vert að vekja sérstaka athygli á því sem fram kemur í skýrslunni að giltu sambærilegar lagareglur hér á landi og í Noregi um skattlagningu orkuvinnslu myndu um 800% hærri skatttekjur koma í hlut sveitarfélaga en gera eftir gildandi lögum.
- Hlutdeild nærumhverfis í ávinningi af orkuvinnslu er til þess fallin að mæta neikvæðum umhverfisáhrifum af slíkri starfsemi á áhrifsvæði hennar og mögulegum neikvæðum efnahagslegum áhrifum á aðrar atvinnugreinar.
- Sveitarstjórn telur brýnt til að unnt verði að ná markmiðum um orkuskipti og aukna framleiðslu á raforku að sveitarfélög á áhrifsvæði orkuvinnslu fái eðlilega og sanngjarna hlutdeild í auðlindarentu eins og það hugtak er skilgreint í skýrslu starfshópsins og hlutdeild í raforkuskatti og/eða auðlindarentuskatti í samræmi við það. Benda má á að í Noregi er yfirlýst markmið ríkisstjórnar að nærsamfélagið fái í sinn hlut um 50% auðlindarentuskatts sem stefnt er á að leggja á þar.
- Sveitarstjórn lýsir andstöðu við tillögum í skýrslu starfshópsins um að landsbyggðarsveitarfélög þar sem orkuvinnsla fer fram verði falið það hlutverk að taka þátt í fjármögnun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með því að greiða til sjóðsins hlutfall af „nýjum

tekjum“ sínum. Tekið skal fram að sveitarstjórn telur að ekki eigi að líta á fasteignaskatta af orkumannvirkjum sem koma til vegna afnáms undanþága sem „nýjar tekjur“ í þessum skilningi enda hljóti að fara um allar tekjur sveitarfélaga af fasteignaskatti eftir sömu reglum.

- Að mati sveitarstjórnar stendur nær að slík hlutdeild í „nýjum tekjum“ verði á forræði nærsamfélags orkuvinnslunnar þ.e. sveitarfélaga á áhrifasvæði orkuvinnslunnar.
- Það er mikilvægt að vel takist við alla lagasetningu og framkvæmd varðandi orkuskipti og orkuvinnslu þ.m.t. skiptingu ávinnings af slíkri starfsemi enda má vænta að sveitarstjórnir víða um land muni í náinni framtíð standa frammi fyrir mikilvægum ákvörðunum á þessu sviði sem geta haft áhrif til langrar framtíðar.
- Sveitarstjórnarfólk á Austurlandi er hvatt til að sameinast um að krefjast þess að:
 - Skatttekjur nærsamfélagsins (sveitarfélaga) af mannvirkjum og starfsemi orkuvinnslu verði auknar verulega.
 - Forræði á fjármunum sem aukin skattlagning orkuvinnslu á Austurlandi myndi skila verði á hendi Austfirðinga.

Aðalfundur SSA verður haldinn 23. Maí á Breiðdalsvík.

Fundi slitið kl. 13:00

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti